

Sauðir og hafrar


Mikilvæg tímamót

Sumir halda því fram að nú, á þessari miklu skálmöld, sé að fara fram hinn mikli dómur, eða *stóri dómur*, sem þetta fyrirbrigði í þróuninni mætti með réttu nefna. Er ýmislegt sem bendir til þess að svo sé og ýmsir eru þeir spámennirnir, eins og áður fyrr, sem sagt hafa svo fyrir og bent á komu þessa fyrirbrigðis. Má meðal annars benda á Adam Rutherford, sem hér kom vorið 1939 og flutti fyrirlestra um pýramidann mikla og skýrði byggingaráætlun hans með hliðsjón af spádómum biblíunnar. Heldur hann því fram að áður en „þúsundarárikið“ hefst þá sé nauðsynlegt að allar óréttmætar stofnanir — þjóðlegar, þegnlegar og menningarlegar — verði þurrkaðar burt af yfirborði jarðar, því að þýðingarlaust sé að „sauma nýja bót á gamalt fat“. Öll heiðin yfirráð, allar illar stofnanir, öll fölsuð og röng kenning — trúarleg, þjóðleg og vísindaleg — verður afmáð.

Tiltekur hann í þessu efni ákveðinn tíma. Ég held að nákvæmar tímaákvarðanir í þessum efnum, til dæmis upp á dag, séu mjög vafasamar, til dæmis hvenær styrjöldin muni taka enda, en aðalatriðin geta eigi að síður verið rétt.

Sumir halda því fram að nú séu mikil og markverð tímamót í þróun mannkynsins, svo mikilvæg jafnvel, að engin slík hafi birst ennþá á þessari jörð.

Samkvæmt fornu indversku tímatali hafi um síðustu aldamót, eða 1898, verið útrunnið 5000 ára tímabil, sem er hluti



Pýramidinn mikli í Giza

úr öðru miklu stærra tímabili — Kali Yuga — sem nær yfir 432.000 ár og gefa í skyn að með þessu nýja 5000 ára tímabili, sem hóf göngu sína um fyrrnefnd tímamót, sé að hefjast nýtt þróunartímabil í sögu mannkyns. Er það sýnilegt að mjög stingur í stúf við fyrri tímabil, og á hraðinn í öllu og hin mikla tækni þar mestan þáttinn og því verða átökin að miklum mun sterkari og víðtækari, eins og raun ber vitni.

Því er einnig haldið fram að til þess að finna hina raunverulegu orsök þessara miklu átaka sem nú eiga sér stað í heimi þessum verði menn að leita um hundruð þúsunda ára aftur í tímann; til þess tíma í lífi Atlantisþjóða er öld hinnar miklu *svörtu kynngi* stóð sem hæst. Það sem nú er að gerast sé beint áframhald af því sem þá gerðist.

Sauðir og hafrar


Á því er enginn efi að Jesús hefur haft miklu meiri og víðtækari þekkingu á lífinu og tilverunni og tilgangi hennar heldur en samtíðarmenn hans hafa verið færir um að tileinka sér, enda voru lærisveinarnir ekki sammála um skilning á kenningum hans eftir sýnilega brottför



Dr. Adam Rutherford
1894 – 1974

hans frá þessari veröld í það sinn. Jafnvel einföldustu umsagnir bera vott um þekkingu á svo háum alverufræðilegum fyrirbrigðum að mannkynið þarf jafnvel að lifa í milljónir ára ennþá til þess að skilja gildi þeirra. Hann hefur séð og skynjað framtíðaráætlun guðdómsins viðvíkjandi þróun mannkynsins og hefur því verið fær um að segja fyrir um þá hluti sem ekki munu birtast fyrr en að liðnum þúsundum ára.

Með tilliti til þeirra tíma sem nú eru uppi má að minni hyggju benda á umsögn þá sem höfð er eftir Jesú og skráð er hjá Matteusi guðspjallamanni í 25. kap., 31— 34. versí: „En er mannsögnurinn kemur í dýrð sinni, og allir englar með honum, þá mun hann setjast í hásæti dýrðar sinnar, og allar þjóðirnar munu safnast saman frammi fyrir honum og hann mun skilja þá hverja frá öðrum, eins og hirðirinn skilur sauðina frá höfrunum, og hann mun skipa sauðunum sér til hægri handar og höfrunum sér til vinstri handar. Þá mun konungurinn segja við þá til hægri handar: „Komið þér, hinir blessuðu föður míns, og takið að erfð ríkið, sem yður var fyrirboðið frá grundvöllun heims.“ — Og ennfremur Matt. 25, 41: „Þá mun hann segja við þá til vinstri handar: Farið frá mér, bölváðir, í eilífa eldinn, sem búinn er djöflinum og englum hans.“



Umsögn þessi þarf nokkurra skýringa við. Biblíufræðingar munu hafa lítið að segja um þetta efni. Það er, eins og margt annað sem eftir Jesú er haft, meira líkingar en bein frásögn, því að menn hefðu ekki skilið hvað hann átti við ef hann hefði lýst því sem hann í raun og veru sá og vissi.

Mannssögnurinn kemur í dýrð sinni. Með þessu er meðal annars átt við það að mannsögnurinn, sem er Kristur, hefur nú þegar náð að birtast þannig með mönnum að þeir hafa meðtekið hann, eða með öðrum orðum, hafa nálgast hann svo að þeir eru orðnir móttækilegir fyrir áhrifum hins andlega lífs, bæði vitandi og óafvitandi.

Að *hann sest í hásæti dýrðar sinnar* ber að skilja svo, að hásætið sé hjörtu manna — þeirra, sem hafa nálgast hann.

Og *allir englar eru með honum*. Allir þeir englar, sem samkvæmt stöðu sinni og þróun aðstoða við þróun hinna jarðnesku vera, munu verða með honum og samfagna og aðstoða við hið mikilsverða skref sem mannkynið er að stíga í áttina til fullkomunar.

Og *allar þjóðirnar munu safnast saman frammi fyrir honum*. Enginn kemst hjá því að mæta fyrir dómstóli drottins, ekki eingöngu þeir sem hafa meðtekið hann, heldur einnig þeir sem ekki hafa nálgast hann.

Og hann mun skilja þá hverja frá öðrum, eins og hirðirinn skilur sauðina frá höfrunum, og hann mun skipa sauðunum sér til hægri handar, og höfrunum til vinstri handar.

Stóri dómur

Hin síðasta tilvitnun sem tekin er hér á undan er frumskilyrði fyrir því sem næst kemur — en það er *dómurinn*.

„Þá mun konungurinn segja við þá til hægri handar: Komið þér, hinir blessuðu föður míns, og takið að erfð ríkið, sem yður var fyrirbúið frá grundvöllun heims.

Það er eftirtektarvert í þessu sambandi að fyrst er talað um mannssoninn, en nú er hann ekki nefndur lengur, heldur *konungurinn*. Sumir mundu segja að með því heiti hafi hann átt við Krist, en ég held að hér hafi hann átt við *Manu*, þann, sem ræður yfir hinni jarðnesku og að nokkru leyti yfir hinni andlegu þróun arisku þjóðanna. Hann er í rauninni konunurinn, sá eini og raunverulegi frá okkur séð — jafnvel þótt annar sé honum miklu æðri. En hvað um það. Það er há og voldug vera sem hefur yfirumsjón og gæslu á hendi í sambandi við þróun mannkynsins, og hún lætur það afskiptalaust hvort allt fer vel eða illa.

Þau átök sem nú eiga sér stað með mönnum eru mjög eðlilegt fyrirbrigði, því allir hlutir hljóta að eiga sér eðlilegar orsakir, og þá getur það sem nú er að gerast ekki verið nein undantekning.

Hugsjónir og hugsæstefnur eru vaktar með mönnum. Endurbótamenn eru uppi á öllum tímum, og reyna að koma heppilegum breytingum til leiðar og breyta hugsunarhætti þjóðanna og sveigja hana inn á heppilegri og andlegri brautir en áður átti sér stað.

Þeim er misjafnlega tekið, og ævinlega er ríkt afturhald til staðar til þess að andmæla og vinna gegn umbótum. Því lengra sem þróunin er komin áleiðis, því sterkari verða þessi átök, og þegar vissu takmarki er náð, birtist þetta sem barátta á milli hinna frjálslyndu og andlegu afla og hinna ófrjálslyndu afla er vilja drottna yfir mönnunum. Önnur stefnan vill leysa og laga, en hin vill binda og þvinga og halda öllu í heljargreipum. Sú fyrrnefnda er andleg og *hvít*, en hin er veraldleg — efnishyggja af grófustu tegund — og er *svört*.

Í frásögnunum um líf Jesú benda þau atriðin sem mest eru áberandi á lögmál þróunarinnar, og er talið að hvert þessara aðalatriða út af fyrir sig séu frásagnir um ákveðið stig sem bæði einstaklingarnir og mikill hluti mannkynsins taki þegar sá ákveðni tími er kominn. Eitt þessara atriða er frásögnin um freistinguna. Sögnin skýrir einnig frá því hvernig Jesús stóðst prófið. Hann varð að velja á milli hins góða og hins illa, og hann valdi að allra dómi hið rétta.

Þetta, sem gerðist í lífi hans er að gerast með mannkyninu nú, ef til vill ekki í jafn hárrí mynd samaborið við þá þroskahæð sem hann var á þá, heldur á skör lægra sviði — en hliðstæður eru það eigi að síður.

Það er því eitt af meiri háttar freistingafyrirbrigðunum í þróun mannkynsins sem nú á sér stað. Hugsjónirnar, verkefnin, eru afhent mönnunum til úrlausnar og þeir eru látnir svara, og undir svari þeirra er komið hvernig dómurinn fellur. Mennirnir dæma sig sjálfir eftir því hver afstaða sú er sem þeir taka gagnvart spurningunni um það hvort þeir vilja fylgja því góða eða illa. Og ákvörðun konungsins fer eftir því hverju þeir svara hvorum megin þeim verður skipað — hvort þeim verður vísað til hægri eða vinstri handar. Þeir sem velja góða hlutskiptið, taka afstöðu með og styðja hin hvítu öfl í þróuninni, verða konunginum til hægri

handar, en hinir verða til vinstri. Því segir konungurinn: „Komið þér, hinir blessuðu föður míns, og takið að erfð ríkið, sem yður var fyrirbúið frá grundvöllun heims.“

Og hvers konar ríki var það sem þeim var fyrirbúið frá grundvöllun heims? — Það var auðvitað guðsríkið hið innra með þeim, sem þeir voru þá fyrst réttbærir til að erfa er þeir höfðu „afneitað djöflinum og öllu hans athæfi“. Það er ríki andans sem þeir hafa öðlast, ríkið, sem þeim var fyrirbúið frá grundvöllun heims. En sá sem hefur öðlast ríki andans er fær um að starfa og ráða ríki þessa heims, því hann getur ekki tekið að erfðum hið andlega ríki fyrr en hann hefur skilið hina réttu afstöðu sína til viðfangsefna þessa heims og hann hefur sýnt með þeirri ákvörðun sinni að taka afstöðu með hinum *hvítu* öflum í þróuninni, að hann hafi leyst þetta verk af hendi og staðist freistinguna.

Þá eru hinir, sem konungurinn skipaði sér til vinstri handar og sagði: „Farið frá mér, bölvaðir, í eilífa eldinn, sem búinn er djöflinum og englum hans.“

Ég get ekki hugsað mér að Jesús hafi viðhaft svo hörð orð um þá sem ekki standast prófið og falla.

Það er sagt að Jesús hafi talað á armeiska tungu en ekki grísku, og það er einnig vitað að guðspjöllin eru skráð löngu eftir hans langa dag, og eftir minni. Hugsast gæti að eitthvað hafi ruglast í meðförum á þeim tíma sem leið milli þess að hlutaðeigandi umsögn var sögð og þangað til að hún var skrásett og jafnvel þýdd.

En hitt má játa að þeir sem eiga aðalsökina á hinum hrottalegu aðferðum í þeim hildarleik sem nú er háður með mönnum eiga þessa umsögn fyllilega skilið, því að trúir maður því að þessari veröld sé stjórnað með kærleika og réttlæti mun ekki hjá því fara að þeir hinir sömu munu verða varir við réttlætishönd tilverunnar, því hjá henni verða aldrei nein mistök.

En allur fjöldinn, sem óafvitandi lætur ginnast til þess að ljá hinum *svörtu* öflum lið, getur tæplega átt svo harðan dóm skilið. En eins víst er og hitt að þeir geta ekki fylgst með hinum sem eru konunginum til hægri handar. Þeir hafa fellt dóminn yfir sjálfum sér, eins og áður er vikið að.

Hvað verður um þá sem eru konunginum til vinstri handar — og hvað verður þegar hinum miklu átökum er lokið?

Þessum tveimur spurningum vil ég gera tilraun til að svara.

Út úr þróuninni

Á ákveðnum tímabilum í þróuninni, þegar mikill hluti þeirra vera sem eru þátttakendur hennar er kominn á ákveðið þróunarstig fara fram próf, eins og það sem nú hefur verið gert að umtalsefni. Þá kemur það í ljós að nokkur hluti þeirra getur ekki fylgst með lengur og verður að bíða. — Þeir sitja eftir í bekknum.

Fyrir öllu er vandlega séð í þessu efni, sem öðrum.

Þeir hætta að vera þátttakendur í þeirri hringferð þróunar sem við nefnum endurholdgun, og því dragast þeir brott og fá hvíld. Þeir hverfa upp í hina andlegu heima, eða *nirvana*, og hvíla sig þar þangað til næsta hnattakeðja jarðþróunar er komin svo langt áleiðis að þeim er unnt að endurholdgast á ný og þróunarskilyrðin eru þeim hæfileg til aukins áframhaldandi

þroska. Þessi hvíld varir í billjónir ára. En fyrir vitund þeirra er þessi tími ekki nema nokkur augnablik vegna þess, að á þessu vitundarsviði er tími og rúm að mestu upphafið. Það er frá okkar sjónarmiði í raun réttir **ekki til**.

Aðferð tilverunnar er því alger kærleikur um leið og hún er fyllsta réttlæti.

Hin nýja veröld

Því hefur verið spáð af ýmsum að sú gamla menning sem ríkt hefur um nokkurra alda skeið sé nú að líða undir lok, og að ekki muni standa steinn yfir steini í því tilliti að þeim hildarleik loknum sem nú er háður. Ber margt til þess að svo muni verða. Allt er rífið niður og öllu umturnað. Jafnvel hinn fastheldnasti Englendingur verður að láta undan og breyta um afstöðu vegna átaka þeirra sem nú eiga sér stað. Breytingarnar gerast ótrúlega fljótt. Öll viðskiptamál taka stórkostlegum breytingum, stjórn málaafstaða einstaklinga og þjóða gerbreystast og hugmyndir manna um lífið og tilveruna víkka og stækka vegna hins mikla hraða sem mótar framtíðarmenninguna framar öðru. Stéttarmismunur hverfur og gagnkvæm viðurkenning á rétti allra hvers gagnvart öðrum, bæði einstaklinga og þjóða, verður grundvöllur undir samvinnu allra aðila. Menn viðurkenna þá að enginn getur án annars verið ef vel á að fara, og að framtíðarríkið getur ekki staðist til lengdar nema að séð sé fyrir fullkomnu réttaröryggi og að almenningur með þjóðunum geti fengið tækifæri til þess að lifa heilbrigðu lífi. Á þann hátt einan er unnt að byggja upp og viðhalda framtíðarríki, þjóðerni og menningu.

Hér að framan minntist ég á hraðann í öllum hlutum sem sérkenni nútíðar. Ekki verður hann minni þegar fram í sækir, því að tæknin vex ódfluga og þessi mikla styrjöld sem nú geisar lyftir mjög undir hraðann. Tæknin stígur hvert risaskrefið á fætur öðru, og viðskipti og samvinna þjóðanna verður þar af leiðandi meiri og nánari en áður átti sér stað. Fjarlægðirnar minnka og heimsálfurnar færast nær hver annarri og því verður yfirráða- og einangrunarstefna að víkja fyrir viðurkenningu á gagnkvæmum rétti, hvort sem stór eða lítið þjóð á í hlut.

Afleiðing hins aukna hraða er sú, að beita verður æ meiri fasthygli við öll vinnubrögð. Það sjáum við í aukinni notkun hvers konar véla sem notaðar eru við hin ýmsu verk. Með þessu eru hinar ytri aðstæður Vesturlanda að knýja fram í sambandi við verkleg viðfangsefni og daglega vinnu manna þá þjálfun sem Yogafræði Austurlanda leggja svo mikla áherslu á sem þroskameðal. Þroskun, efling og styrkur hinnar hugrænu starfsemi hefur þau óhjákvæmilegu áhrif, að taugakerfið verður næmara og fínna, og veitir viðtöku æ fínna og sterkari andlegum sveiflum. Afleiðing þessa er sú, að allar eiturnautnir verða menn að leggja á hilluna ef vel á að fara, því þær eyðileggja hið fína og næma taugakerfi og mennirnir hrynja niður á örstuttum tíma. Þegar hin mikla starfsemi hugans hefur náð vissu marki verða allar eiturnautnir að hverfa. Og í nánustu framtíð mun menningin krefjast þess að slíkur ósiður víki af veginum. Þá verða eiturnautnirnar taldar fylgifiskar villimennskunnar. Útrýming eiturnautnanna er verkefni hinnar nýju menningar. Það er skilyrði fyrir tilvist hennar. En hin raunverulega þjálfun hugans sem þá fer fram flytur hinar vestrænu þjóðir, og mannkynið í heild, hröðum

skrefum inn á hinar æðri og andlegu brautir og gerir þeim kleift að öðlast „ríkið, sem þeim var fyrirbúið frá grundvöllun heims“.

Jón Árnason prentari.

Tekið úr „GANGLERA“

XV. ár — 2. hefti

MCMXLI